

Skólanefndarfundur 8. maí 2017.

Mættir: Benedikt Bogason, Halla Sigrún Arnardóttir, Hrafnkell Pálmarsson, Orri Páll Jóhannson, Steinunn Stefánsdóttir, Þórhalla Steinþórsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Harpa Rut Hilmarsdóttir, Lárus H. Bjarnason og Sigurborg Matthíasdóttir sem ritar fundargerð.

Inngangur úr fundarboðun: Þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir að janúarfundur þessarar skólanefndar væri hinn síðasti situr nefndin enn enda heldur hún umboði sínu þar til ráðherra hefur skipað nýja. Síðustu fréttir herma að skipun nýrrar nefndar dragist fram undir miðjan þennan mánuð og því leyfi ég mér að boða til fundar í tilefni af ráðningu nýs konrektors MH sem stendur fyrir dyrum. Þannig er að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. framhaldsskólalaga er það meðal hlutverka skólanefndar að „vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál.“ Sú venja hefur myndast í árunna rás að nefndin sé almennt ekki með bein afskipti af ráðningum starfsfólks að skólanum en fylgist með og fái upplýsingar um gang mála. Þegar um lykilstjórnendur er að ræða er nefndin þó upplýst í ferlinu sjálfu og séð til þess nefndarmenn eigi þess kost að tjá sig áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Nú háttar svo til að Sigurborg Matthíasdóttir sem verið hefur konrektor frá árinu 2000 hefur beðist lausnar og hyggst snúa sér að kennslu frá og með næsta hausti. Starf konrektors var því auglýst samtímis kennarastörfum og rann umsóknarfrestur út mánudaginn 24. apríl. Alls bárust fimm umsóknir um starfið, bæði frá fólki innan skólans og utan. Nánari upplýsingar verða sendar fyrir vikulokin en með þessum pósti eruð þið sem sé beðin um að taka fundartímamann frá; **kl. 16:45 næstkomandi mánudag, 8. maí.** Venju samkvæmt verður fundurinn á skrifstofu rektors.

Dagskrá:

Ráðning konrektors.

Benedikt setur fundinn og skýrir út formsatriði þ.e. að rektor ráði í starfið en nefndin sé rektor til samráðs.

Lárus gefur stutt yfirlit yfir umsækjendur sem eru fimm. Þrír eru úr MH þau Halldóra Björt Ewen íslenskukennari, Valgerður Bragadóttir frönskukennari og Pálmi Magnússon áfangastjóri. Tvö eru annarsstaðar frá þau Hrafnhildur Guðmundsdóttir fyrrverandi frönskukennari við VÍ og Steinn Jóhannsson skólameistari FÁ. Allir umsækjendur voru boðaðir í vital. Lárus dreifði blaði með yfirliti yfir grunnatriði úr umsóknum og fer yfir umsónkir stuttlega. Á bakhliðinni eru svo spurningar þær sem farið var yfir í viðtölunum. Viðtöl við

öll fimm voru áhugaverð og upplýsandi. Viðtölin tóku Lárus rektor, Sigurborg konrektor og Signý Böðvarsdóttir fjármálastjóri. Í umræðum að viðtölunum loknum voru þessi þrjú sammála um að upp úr standi að Pálmi og Steinn hafi umtalsvert meiri stjórnunarreynslu en Halldóra, Hrafnhildur og Valgerður og að við ráðningu í starf konrektors sem jafnframt er staðgengill rektors verði að meta þann þátt veigamikinn.

Benedikt gaf orðið til nefndarfólks og sá til þess að allir fengju að tjá sig. Umræður fóru víða og snertu m.a. á mikilvægi reynslu, kynja- og aldurshlutfalla við stjórnun. Einnig var rætt um vægi innanhússþekkingar á starfsemi MH á móti kostum þess að fá sjónarhorn utanaðkomandi. Að lokum var nefndin sammála stjórnendum um að valið standi á milli Pálma og Steins. Hver og einn nefndarmaður gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum og fengu tækifæri til þess að spyrja rektor nánar út í umsækjendur. Nú leggst hann undir feld.

Sigurborg konrektor komst ekki á síðasta fund og notaði því þetta tækifæri til þess að þakka nefndarfólki samfylgdina undafarin ár. Sérstaklega Benedikt formanni sem var henni m.a. góður bakhjarl í rektorsafleysingum.

Fundi slitið.